

# Hagagæði

## Ársskýrsla 2019



Landgræðslan 2019  
LR 2020/3





## LANDGRÆÐSLAN

Skýrsla nr.: 2020/3

Dagsetning: 18.02.2020

Fjöld blaðsíðna: 11

Dreifing: Opin

Heiti: Hagagæði. Ársskýrsla 2019.

Höfundar: Sigríður Þorvaldsdóttir

Forsíðumynd: Steinunn Þorvaldsdóttir

Verkefnisstjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir

Unnið fyrir: Landgræðsluna

Samstarfsaðili: Félag Hrossabænda

Útdráttur: Árið 2019 var þriðja starfsár Hagagæða, samstarfsverkefnis Landgræðslunnar og Félags Hrossabænda um landnýtingu og úttektir hrossahaga. Landgræðslan hefur umsjón með Hagagæðum og annast úttektir lands. Verkefnið snýst um að hrossabændur og aðrir sem halda hross geti fengið formlega staðfest að landnýting þeirra sé sjálfbær, enda standist notkun beitarlandsins sett viðmið. Þegar úttektir eru gerðar á beitarlandi þátttakenda er stuðst við ákveðnar vinnureglur og viðmið. Árið 2019 stóðust 49 hrossabú úttektarkröfur, Hagagæða.

### Efnisorð:

Hagagæði, þátttaka, landnýting, úttektir, landlæsi, beitarland, beitarstýring, hrossabeit.

Undirskrift verkefnisstjóra

## EFNISYFIRLIT

|                           |   |
|---------------------------|---|
| Hagagæði.....             | 3 |
| Verklag.....              | 3 |
| Úttektir árið 2019.....   | 4 |
| Önnur starfsemi 2019..... | 4 |
| Umræður .....             | 6 |
| Viðauki I.....            | 7 |
| Viðauki II.....           | 8 |

## HAGAGÆÐI

Árið 2017 stofnuðu Landgræðslan, þá Landgræðsla ríkisins, og Félag Hrossabænda verkefnið Hagagæði. Segja má að verkefnið sé framhald á landnýtingarþætti Gæðastýringar í hrossarækt sem Landgræðslan annaðist frá árinu 2000 til 2016, en í árslok 2016 var Gæðastýringin lögð niður í heild sinni. Hagagæði byggjast á sömu grundvallarreglum um landnýtingu og landnýtingarþátturinn gerði, en taka til viðtækari hestastarfsemi.

Megintilgangur verkefnisins er að stuðla að sjálfbærri nýtingu beitarlands vegna hrossabeitar og auka ábyrgð landnotenda sem vörslumanna lands. Einnig að auka umhverfisvitund og landlæsi landeigenda og landnotenda og um leið að tryggja velferð hrossa. Þátttaka í verkefninu er valfrjáls. Standist beitarland þátttakenda sett úttektarviðmið fá þeir viðurkenningarskjal því til staðfestingar. Þátttakendur geta orðið hrossabændur og aðrir sem halda hross í atvinnuskyni og/eða til brúkunar í tómstundum. Héraðsfulltrúar Landgræðslunnar annast úttektir beitarlanda og hafa umsjón með Hagagæðum.

## VERKLAG

Úttektir vegna Hagagæða eru gerðar síðsumars eða að haustlagi. Nauðsynlegt er að jörð sé auð þegar úttekt fer fram. Flestar fara fram í september, en þeim á að vera lokið 15. október ár hvert. Þó geta þátttakendur óskað eftir ráðleggingum og vöktun á beitarlandi sínu á öðrum tíma, sér í lagi á stóðhestahólfum. Úttektir gilda fyrir yfirstandandi ár og eru niðurstöður úttektar sendar viðkomandi landnotenda svo fljótt sem auðið er.

Frumúttekt á ástandi beitarlands þátttakenda er gerð af tveimur héraðsfulltrúum Landgræðslunnar. Loftmynd af beitarlandi er grunngagn við úttektir, en þar koma fram m.a. einstök beitarhólf og stærðir þeirra. Beitarástand og rof er metið í hverju beitarhólfi fyrir sig skv. einkunnastiga sem þróaður var af Borgþóri Magnússyni, gróðurvistfræðingi, og samstarfsfólki hans. Sjá ástandsflokkun og eyðublað sem notað er við úttektir í viðauka II. Frumúttektin er síðan notuð sem viðmið hvort og hvernig ástand jarðanna breytist milli ára. Í verklagsreglum Hagagæðakoma fram þær viðmiðanir sem beitarland þarf að standast til að viðkomandi jörð hljóti viðurkenningu fyrir sjálfbæra nýtingu beitarlands. Fjöldi hrossa sem gengur á landinu þarf að liggja fyrir.

Endurúttektir annast héraðsfulltrúar Landgræðslunnar. Ekki er lögð eins nákvæm vinna í endurmat jarða og við frumúttektir nema breyting hafi orðið á hrossafjölda og stærð beitarlands sem þátttakandi hefur til umráða. Ef sérstök álitamál koma upp getur það leitt til endurúttektar.

## ÚTTEKTIR ÁRIÐ 2019

Alls stóðust 49 bú úttekta kröfur árið 2019. Þar af var farið í tvær frumúttektir á búum sem komu ný inn í verkefnið. Nöfn og staðsetning þátttökubúa koma fram í töflu 1. Úttektir voru gerðar með skipulegum hætti og lauk á tilsettum tíma. Að úttektonum unnu eftirtaldir héraðsfulltrúar Landgræðslunnar: Bjarni Maronsson, Sigríður Þorvaldsdóttir, Ingunn Sandra Arnþórsdóttir, Iðunn Hauksdóttir og Garðar Þorfinnsson.



**Mynd 1.** Kristján Þorbjörnsson á Gilsstöðum í Vatnsdal sýnir héraðsfulltrúum Landgræðslunnar, Ingunni Söndru Arnþórsdóttur og Sigríði Þorvaldsdóttur, hrossahaga sína í frumúttekt Hagagæða í september 2019. Ljós: Bjarni Maronsson.

## ÖNNUR STARFSEMI 2019

Síðan á fyrsta starfsári Hagagæða hefur Landgræðslan verið einn af samstarfsaðilum kynningarverkefnis Íslandsstofu Horses of Iceland. Engin breyting varð á því 2019, en Landgræðslan styrkti Horses of Iceland um 150.000 kr. í nafni Hagagæða.

2. nóvember síðastliðinn var verkefnisstjóri Hagagæða viðstödd aðalfund Félags Hrossabænda, samstarfsaðila Landgræðslunnar, vegna verkefnisins. Ávarpaði hún fundinn og upplýsti um starfsemi Hagagæða árið 2019 og stöðu verkefnisins.





## Hagagæði 2019

### Árið 2019 stóðust eftirfarandi hrossabú úttektir vegna landnýtingar

| Nafn jarðar                    | Þátttakendur                                            | Sýsla                       |
|--------------------------------|---------------------------------------------------------|-----------------------------|
| 1. Sauðanes                    | Ágúst M. Ágústsson / Steinunn A. Halldórsdóttir         | Norður-Þingeyjarsýsla       |
| 2. Bakki                       | Þór Ingvason                                            | Eyjaferðarsýsla             |
| 3. Bringa                      | Bringa ehf. Sverrir Reynir / Guðbjörg Jóna              | Eyjaferðarsýsla             |
| 4. Hólsgerði                   | Brynjar Skúlason / Sigríður Bjarnadóttir                | Eyjaferðarsýsla             |
| 5. Jarðbrú                     | Þorsteinn Hólm Stefánsson / Þröstur Karlsson            | Eyjaferðarsýsla             |
| 6. Litla-Brekka                | Vignir Sigurðsson                                       | Eyjaferðarsýsla             |
| 7. Litli-Dalur                 | Kristín Thorberg / Jónas Vigfússon                      | Eyjaferðarsýsla             |
| 8. Ásgeirsbrekka               | Jóhann Ingi Haraldsson                                  | Skagafjarðarsýsla           |
| 9. Bær á Höfðaströnd           | Höfðaströnd ehf, Sigmar Bragason                        | Skagafjarðarsýsla           |
| 10. Enni                       | Haraldur P. Jóhannsson / Eindís Kristjánsdóttir         | Skagafjarðarsýsla           |
| 11. Flugumýri II               | Flugumýri ehf, Anna Sigurðardóttir                      | Skagafjarðarsýsla           |
| 12. Hafsteinsstaðir            | Skapti Steinbjörnsson / Hildur Claessen                 | Skagafjarðarsýsla           |
| 13. Hólar                      | Hólaskóli                                               | Skagafjarðarsýsla           |
| 14. Hverhólar                  | Freysteinn Traustason / Birna S. Hafsteinsdóttir        | Skagafjarðarsýsla           |
| 15. Íbishóll                   | Íbishóll ehf, Magnús Bragi / Elisabeth Jansen           | Skagafjarðarsýsla           |
| 16. Kálfsstaðir                | Ólafur Sigurgeirsson / Sigríður Björnsdóttir            | Skagafjarðarsýsla           |
| 17. Nautabú                    | Karen Steindórsdóttir / Eyjólfur Þórarinnsson           | Skagafjarðarsýsla           |
| 18. Tunguháls II               | Líney Hjálmsdóttir                                      | Skagafjarðarsýsla           |
| 19. Víðidalur/Kirkjuhóll       | Pétur Stefánsson                                        | Skagafjarðarsýsla           |
| 20. Ytra-Skörðugil             | Ingimar Ingimarsson                                     | Skagafjarðarsýsla           |
| 21. Ytra-Vallholt              | Vallholt ehf, Björn Friðriksson / Harpa Hafsteinsdóttir | Skagafjarðarsýsla           |
| 22. Geitaskarð                 | Íslensk hrossarækt                                      | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 23. Gilsstaðir                 | Kristján Þorbjörnsson                                   | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 24. Hof, Vatnsdal              | Jón Gíslason / Eline Schrijver                          | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 25. Hólabak                    | Björn Magnússon                                         | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 26. Steinnes                   | Magnús Jósefsson                                        | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 27. Sveinsstaðir               | Ólafur Magnússon                                        | Austur-Húnavatnssýsla       |
| 28. Auðunnarstaðir I           | Júlíus G. Antonsson                                     | Vestur-Húnavatnssýsla       |
| 29. Stóra-Ásgeirsá             | Elías Guðmundsson / Magnús Á. Elíasson                  | Vestur-Húnavatnssýsla       |
| 30. Ytri-Þóreyjarnúpur         | Þórey ehf, Gerður Hauksdóttir                           | Vestur-Húnavatnssýsla       |
| 31. Hjarðarholt                | Hrefna B. Jónsdóttir / Þorvaldur T. Jónsson             | Mýra- og Borgarfjarðarsýsla |
| 32. Lundar II                  | Sigbjörn Björnsson                                      | Mýra- og Borgarfjarðarsýsla |
| 33. Oddsstaðir                 | Sigurður Oddur Ragnarsson                               | Mýra- og Borgarfjarðarsýsla |
| 34. Ölvaldsstaðir IV           | Guðrún Fjeldsted                                        | Mýra- og Borgarfjarðarsýsla |
| 35. Hömluholt                  | Gísli Guðmundsson                                       | Snæfellsnessýsla            |
| 36. Auðsholtshjáleiga/Grænhóll | Gunnar Arnarson                                         | Árnessýsla                  |
| 37. Hólar í Flóa               | Ímastaðir ehf, Einar Hallsson                           | Árnessýsla                  |
| 38. Hraun I                    | Hrafnkell Karlsson                                      | Árnessýsla                  |
| 39. Hvoll I                    | Ólafur H. Einarsson                                     | Árnessýsla                  |
| 40. Kjóstastaðir II            | Geysir hestar, Hjalti Gunnarsson, Ása V. Dalkarls       | Árnessýsla                  |
| 41. Litlaland                  | Sveinn Steinarsson                                      | Árnessýsla                  |
| 42. Árbæjarhjáleiga            | Kristinn Guðnarson / Marjolyn Tiepen                    | Rangárvallasýsla            |
| 43. Ásborg                     | Eydís Þ. Indriðadóttir                                  | Rangárvallasýsla            |
| 44. Fet/Lindarbær              | Fet ehf, Karl Wernersson                                | Rangárvallasýsla            |
| 45. Gunnarsholt                | Ágústa Helgadóttir                                      | Rangárvallasýsla            |
| 46. Hemla                      | Vignir Siggeirsson / Lovísa Ragnarsdóttir               | Rangárvallasýsla            |
| 47. Kirkjubær                  | Kirkjubæjarbúið, Ágúst Sigurðsson                       | Rangárvallasýsla            |
| 48. Oddhóll                    | Sigurbjörn Bárðarson                                    | Rangárvallasýsla            |
| 49. Vakurstaðir                | Valdimar Bergstað / Halldóra Baldvinsdóttir             | Rangárvallasýsla            |

Tafla 1. Í viðauka I er kort sem sýnir nöfn og staðsetningu þátttökubúa.

## UMRÆÐUR


Eins og komið hefur fram hér að framan stóðust alls 49 bú úttekt Hagagæða árið 2019. Eitt bú datt út á milli ára en tvö komu ný inn í verkefnið. Að stærstum hluta eru þátttakendur Hagagæða hrossaræktarbú sem voru þátttakendur í Gæðastýringu í Hrossarækt á sínum tíma.

Í ár er fyrsta blóðmerabúið að finna í röðum þátttakenda. Í slíkum búskap er vafalítið sóknarfæri fyrir verkefnið, en eins og annars staðar, þar sem hrossafjöldi er mikill, er slíkur búskapur landfrekur og krefst góðrar beitarstýringar ef ekki á að ganga á landið og rýra þol þess með tímanum. Sóknarfæri eru einnig meðal ferðapjónustufyrirtækja, en eitt slíkt hóf þátttöku í verkefninu í fyrrahaust. Hagagæði er því hægt og rólega að færa út kvíarnar og fjölbreytileiki þátttakenda að aukast.

Þátttakendur Hagagæða sem standast úttekt ár hvert geta notað einkennismerki Hagagæða til að styðja við starfsemi sína, og er í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir gera það. Síðustu ár hafa límmiðar með merki Hagagæða, með ártali þess árs sem viðurkenningin á við, verið sendir út til þátttakenda, en miðana geta þeir notað til að merkja bíla eða hestakerrur. Í ár var ákveðið að gera þetta ekki, heldur var lögð frekari áhersla á að þátttakendur fengju merkið rafrænt til nota með sínu kynningarefni, t.d. í bæklinga og á heimasíður. Landgræðslan birtir þar að auki lista með þeim þátttakendum sem standast úttekt ár hvert á heimasíðu sinni. Þátttakendur fengu að auki sendan á rafrænu formi bækling um Hagagæði sem gefinn var út 2018, en hann er einnig aðgengilegur á heimasíðu Landgræðslunnar. Í bæklingnum er texti um verkefnið á íslensku, ensku og þýsku. Bæklinginn geta þátttakendur notað að vild í kynningarefni sem tengist starfsemi þeirra.

Sýnileiki einkennismarkisins kemur helst til með að styrkja stöðu þess. Eftir því sem fleiri læra að þekkja það og leita eftir því öðlast það meira vægi. Það er eftirsóknarvert fyrir bæði þátttakendur verkefnisins og landið, að merkið verði sterkt og standi fyrir ábyrga beitarnotkun sem stuðlar síðan að sjálfbærri nýtingu beitarlands og velferð hrossa.

## VIÐAUKI I



Bú, sem tóku þátt í Hagagæðum 2019. Landgræðslan, ABÞ. Grunnögn LMÍ.



# ÁSTANDSFLOKKUN

| Flokkur | Ástand                      | Einkenni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Aðgerðir                                                |
|---------|-----------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------|
| 0       | Ágætt                       | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru nær engir (0~2% þekja).</li> <li>Þúfur eru vart merkanlegar.</li> <li>Lítil eða engin ummerki beitar. (svarðhæð ~20~50 cm).</li> <li>Land er loðið.</li> <li>Puntur er mikill að hausti.</li> <li>Sina er mikil í sverði.</li> <li>Uppskera er mikil (gróðurnýting &lt; 10%).</li> </ul>         |                                                         |
| 1       | Gott                        | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru hverfandi litlir (&lt;5% þekja).</li> <li>Þúfur eru vart merkanlegar.</li> <li>Gróður er rjóðurbittinn og toppóttur. (svarðhæð minnst 15 cm).</li> <li>Puntur er áberandi að hausti.</li> <li>Sina er talsverð í sverði.</li> <li>Uppskera er talsvert mikil (gróðurnýting &lt; 40%).</li> </ul> | Engar sérstakar                                         |
| 2       | Sæmi-<br>legt               | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru hverfandi litlir (&lt; 5% þekja).</li> <li>Þúfur eru nokkuð áberandi.</li> <li>Gróður er jafnbittinn. (svarðhæð 10-20 cm).</li> <li>Puntur er nokkur að hausti.</li> <li>Sina sést í sverði.</li> <li>Uppskera er nokkur (gróðurnýting 40-60%).</li> </ul>                                       | Ekki nauðsynlegar.<br>Aðgátar þörf, t.d. í köldum árum. |
| 3       | Slæmt                       | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru merkanlegir (~5-10% þekja).</li> <li>Þúfur eru áberandi.</li> <li>Gróður er snöggur og jafnbittinn. (svarðhæð ~5-15 cm).</li> <li>Puntur er lítill að hausti.</li> <li>Land er nær sinulaust.</li> <li>Uppskera er lítil (gróðurnýting 60-80%).</li> </ul>                                       | Dregið úr beit.<br>Áburðargjöf.                         |
| 4       | Mjög<br>slæmt               | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru nokkuð áberandi (~ 10% þekja).</li> <li>Þúfur eru mjög áberandi.</li> <li>Gróður er mikið bitinn. (svarðhæð &lt; 10 cm).</li> <li>Puntur er lítill sem enginn að hausti.</li> <li>Land er sinulaust.</li> <li>Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting &gt; 80%).</li> </ul>                    | Fríðun.<br>Dregið verulega úr beit<br>Áburðargjöf.      |
| 5       | Land<br>óhæft<br>til beitar | <ul style="list-style-type: none"> <li>Rofdílur eru mjög áberandi (&gt; 10% þekja).</li> <li>Þúfur eru mjög áberandi.</li> <li>Gróður er allur rótnagaður. (svarðhæð ~ 5 cm).</li> <li>Puntur sést ekki að hausti.</li> <li>Land er sinulaust.</li> <li>Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting &gt; 80%).</li> </ul>                              | Fríðun.<br>Uppgræðsla þar<br>sem við á                  |

## EYÐUBLAÐ

|                   |             |
|-------------------|-------------|
| Jörð _____        | Hólf _____  |
| Gróðurlendi _____ | Stærð _____ |

|                                                                                                                                                       |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Halli: <input type="checkbox"/> flatlendi <input type="checkbox"/> hallalítið <input type="checkbox"/> töluverður <input type="checkbox"/> brattlendi |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|



|           |               |                          |                          |                          |                          |                          |                          |               |
|-----------|---------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|---------------|
| Rofdílar. | Nær engir.    | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Mjög áberandi |
| Dúfur.    | Slétt að sjá. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Mjög áberandi |
| Svarðhæð: | > 20 cm       | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | - 5 cm        |
| Puntur:   | Mikill        | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Enginn        |
| Sina      | Mikil         | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Engin         |
| Uppskeyra | Mikil         | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Mjög lítil    |

|                       |
|-----------------------|
| Ástandsflokkur (0-5): |
|-----------------------|

|                                                                                                                                                        |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Úrbætur: <input type="checkbox"/> Létta álag <input type="checkbox"/> Hólfa niður <input type="checkbox"/> Áburðargjöf <input type="checkbox"/> Friðun |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|



Flokkur 0. Ástand: Ágætt



Flokkur 1. Ástand: Gott




Flokkur 2. Ástand: Sæmilegt



Flokkur 3. Ástand: Slæmt



Flokkur 4. Ástand: Mjög slæmt



Flokkur 5. Land óhæft til beitar

